




Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
150 Reykjavík



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 1. ágúst 2014
Tilv.: IRR14070228/0.14.1

Efni: Svar við bréfi yðar dags. 30. júlí sl.

Ég vísa til erindis yðar 30. júlí þar sem þér berið fram spurningar varðandi samskipti mín við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við lögreglurannsókn á því hvort og þá hvernig trúnaðarupplýsingar um tiltekinn hælisleitanda hafi borist úr innanríkisráðuneytinu til fjölmiðla.

Nánar tiltekið óskið þér annars vegar eftir upplýsingum um hvort ég hafi að eigin frumkvæði óskað eftir því að lögreglustjórinn kæmi til fundar/viðtals í ráðuneytinu þar sem ég hafi rætt við hann um rannsóknina. Hins vegar óskið þér eftir upplýsingum um símtöl sem ég kunnir að hafa átt við lögreglustjórann um sama efni. Í erindi yðar kemur fram að þér óskið eftir þessum upplýsingum til að geta tekið afstöðu til þess hvort þér takið málið til formlegrar athugunar með hliðsjón af þeim reglum og sjónarmiðum sem talin séu eiga við um samskipti ráðherra sem fer með yfirstjórn lögreglu við stjórnendur lögregluembætta með tilliti til sjálfstæðis embættanna og ákærvalds við rannsókn sakamála.

Um fyrra atriðið er það að segja að ég hef átt fjóra almenna fundi með lögreglustjóra á tímabilinu frá því framangreind rannsókn hófst í febrúar sl., en enginn þeirra var boðaður til að ræða rannsóknina sérstaklega. Á þeim mánuðum sem þessi lögreglurannsókn hefur staðið yfir hef ég jafnframt átt símtöl við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu vegna ýmissa mála. Ráðherra á eðli málsins samkvæmt reglulega samskipti við forstöðumenn undirstofnana ráðuneytisins, oft og tíðum á óformlegum nótum, og er því eins farið með lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er haldin skrá yfir þau samskipti og því er mér ekki unnt að leggja fram gögn til að upplýsa um tilvik þeirra.

Rannsóknin sem málið varðar hófst í byrjun febrúar á þessu ári að ósk ríkissaksóknara. Áður hafði málið verið rannsakað eins og kostur var innan ráðuneytisins og rekstrarfélags stjórnarráðsins. Eftir að lögreglurannsóknin hófst hef ég og starfsmenn ráðuneytisins gert allt sem í okkar valdi hefur staðið til að greiða fyrir henni. Ég hef aldrei gert neitt til að hamla framgangi hennar, heldur hef þvert á móti leitast við að veita lögreglunni aðgang að öllum gögnum sem í ráðuneytinu er að finna um þetta mál. Er raunar augljóst að hagsmunir mínir og annarra starfsmanna í ráðuneytinu hafa lotið að því að rannsóknin hefði greiðan framgang og gæti lokið sem fyrst.

Í þeim tilvikum sem rannsóknina hefur borið á góma í samskiptum mínum við lögreglustjórann hefur það snúið að þeirri viðleitni ráðuneytisins að greiða fyrir rannsókn málsins. Er hér fyrst og fremst um að ræða atriði sem snerta upplýsingaöflun lögreglunnar frá ráðuneytinu til að hægt sé að ljúka rannsókninni eins fljótt og unnt er. Sérstaklega hef ég spurt um öryggi þeirra gagna sem lögreglan

hefur fengið aðgang að hér innan ráðuneytisins og varða umrædda rannsókn ekki með nokkrum hætti. Þá hef ég spurt lögreglustjóra hvenær vænta mætti þess að rannsókninni lyki.

Þegar rannsókn málsins hófst gaf ég út þá yfirlýsingu að ég myndi ekki tjá mig um málið fyrr en henni væri lokið, enda ekki við hæfi að ráðherra lögreglumála tjáði sig opinberlega um rannsókn á meðan hún stæði yfir. Meðal annars af þessari ástæðu hefur sá langi tími sem rannsóknin hefur tekið verið bagalegur og t.a.m. takmarkað möguleika mína til að svara ítrekuðum árásum sem ég hef orðið fyrir á opinberum vettvangi.

Ástæða er til að taka fram að í ráðuneytinu er að finna mikið af trúnaðargögnum um einkamálefni fjölda fólks, sem koma umræddri rannsókn á máli hælisleitandans ekkert við. Það er mikilvægt fyrir mig og ráðuneytið að gætt sé almennra trúnaðarskyldna og almannahagsmuna þegar yfir stendur rannsókn lögreglu á tilteknu máli og lögregla krefst aðgangs að upplýsingum innan ráðuneytisins án þess að vita fyrirfram hvort í þeim kunni að vera eitthvað sem skiptir máli fyrir rannsókn hennar.

Ég sem og allir starfsmenn ráðuneytisins höfum þrútt fyrir þetta lagt okkur fram um að verða við öllum óskum lögreglu um gögn og upplýsingar, þó að ljóst sé að þessar óskir hafi í ákveðnum tilvikum verið mjög víðtækar. Þannig hefur engri rannsóknarbeiðni lögreglunnar verið hafnað og hefur henni meðal annars verið heimilað að skoða farsímanotkun einstakra starfsmanna, sem og tölvupóst, borðsímanotkun og aðgangskort allra starfsmanna og var ég þar ekki undanskilin. Þá hefur lögreglunni verið heimilaður aðgangur að málaskrá ráðuneytisins, sem inniheldur þúsundir einstaklingsmála.

Það hefur aldrei leikið vafi á því að lögregla og ríkissaksóknari fara með fullt forræði umræddrar rannsóknar, enda eru embættin alfarið sjálfstæð við rannsókn mála. Þá hefur mér jafnframt verið ljóst að öll samskipti ráðherra og ráðuneytisins í tengslum við umrædda rannsókn eru viðkvæm í ljósi þeirrar stöðu sem ráðuneytið hefur gagnvart lögreglunni. Þessa hef ég gætt sérstaklega í samskiptum mínum við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu.

Rétt er að taka fram að í samtölum okkar hef ég innt lögreglustjóra eftir því hvort honum þætti með einhverjum hætti óviðeigandi eða óþægilegt að ég ræddi við hann um framangreind atriði eða hvort hann teldi samtöl okkar til þess fallin að hamla störfum hans. Kom fram af hans hálfu að svo væri ekki enda var honum ljóst að öll viðleitni mín í málinu laut að því að greiða fyrir framgangi rannsóknarinnar. Að auki hefur sú lögfræðilega ráðgjöf sem ég hef fengið innan sem utan ráðuneytis verið á þá lund að samskipti mín við lögreglustjóra, líkt og þeim er lýst hér að ofan, væru mikilvæg til að greiða fyrir framkvæmd rannsóknarinnar.

Með vísan til þess sem að framan greinir er ljóst að ég hef á engum tímamarki reynt að hafa áhrif á rannsóknina eða þá aðila sem henni stjórna.

Virðingarfyllt


Hanna Birna Kristjánsdóttir